

Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

Eftirlit skal vera með tvennum hætti: Beint eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

- 3.2 Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um skipan Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins.

I. Vísindaráð.

1. gr.

Stjórn Vísindaráðs skal skipuð fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar stjórn Vísindaráðs til fjögurra ára sem hér segir: a) Formenn deildarstjórna Vísindaráðs, b) einn tilnefndan af Háskóla Íslands og c) einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórnir deilda Vísindaráðs til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

1. Stjórn náttúruvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Tveir skulu tilnefndir af raunvísindadeild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af verkfræðideild Háskóla Íslands. Tveir skulu tilnefndir af rannsóknastofnunum í náttúruvísindum utan Háskóla Íslands. Tilnefning þeirra skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum stofnunum:

Náttúrufræðistofnun Íslands,
 Hafrannsóknastofnun,
 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
 Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
 Iðntæknistofnun Íslands,
 Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins,
 Veðurstofu Íslands,
 Orkustofnun,
 Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri,
 Veiðimálastofnun,
 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá og
 Norrænu eldfjallastöðinni.

Tveir skulu tilnefndir af fundi fulltrúa atvinnuveganna og fulltrúa félaga sem fást við rannsóknir á sviði náttúruvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum aðilum:

Vinnuveitendasambandi Íslands,
 tvo fulltrúa, annan fyrir sjávarútveg en hinn fyrir iðnað,
 Stéttarsambandi bænda,
 Alþýðusambandi Íslands,
 Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir í náttúruvísindum,
 Hinu íslenska náttúrufræðifélagi,
 Eðlisfræðifélagi Íslands,
 Íslenska stærðfræðifélaginu,
 Jöklarannsóknafélagi Íslands,
 Jarðfræðafélagi Íslands og
 Verkfræðingafélagi Íslands.

2. Stjórn líf- og læknisfræðideildar er skipuð sjö mönnum. Þrír skulu tilnefndir af læknadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af tannlæknadeild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands. Tveir skulu tilnefndir af fundi fulltrúa stofnana og félaga sem fást við læknis- og líffræðilegar rannsóknir. Menntamálaráðherra boðar til fundarins og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum aðilum:

Hollustuvernd ríkisins,
 Vinnueftirliti ríkisins,
 Manneldisráði,
 Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum,
 Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands,
 Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir í læknis- eða líffræði,
 Krabbameinsfélagi Íslands,
 Blóðbankanum, erfðarannsóknadeild,
 Rannsóknastöð Hjartaverndar,
 Læknafélagi Íslands,
 Lífefnafræðifélagi Íslands og
 Líffræðifélagi Íslands.

3. Stjórn hug- og félagsvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Tveir skulu tilnefndir af heimspekideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af viðskiptadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands. Einn skal tilnefndur af fundi fulltrúa stofnana og félaga sem fást við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum aðilum:

Kennaraháskóla Íslands,
 Þjóðminjasafni Íslands,
 Landsbókasafni Íslands,
 Þjóðskjalasafni Íslands,
 Listasafni Íslands,
 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi,
 Orðabók Háskólans,
 Stofnun Sigurðar Nordals,
 Rannsóknastofnun uppeldismála,
 Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir á sviði hug- eða félagsvísinda,
 Hinu íslenska bókmenntafélagi,
 Sögufélaginu,
 Hinu íslenska fornritafélagi,
 Fornleifafélaginu,

Félagi íslenskra fræða,
Þjóðfræðafélagi Íslands,
Lögræðingafélagi Íslands,
Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga og
Sálfræðingafélagi Íslands.

4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
5. Aðalmenn og varamenn í deildarstjórnnum skulu hafa háskólapróf eða sambærilega menntun í viðkomandi fræðigrein.
6. Framangreindir fundir þar sem tilnefndir skulu fulltrúar í deildarstjórnir eru lögmætir ef $\frac{2}{3}$ boðaðra fulltrúa sækja þá. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti ef atkvæði verða jöfn.

II. Rannsóknaráð ríkisins.

3. gr.

Í Rannsóknaráði ríkisins skulu eiga sæti sjö menn, skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn eins og hér segir:

1. Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Iðntæknistofnunar og Orkustofnunar.
2. Einn samkvæmt tilnefningu verkfræðideildar og raunvísindadeildar Háskóla Íslands í sameiningu.
3. Einn samkvæmt tilnefningu starfandi vísindamanna í raunvísindum. Tilnefning hans skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað fulltrúa þeirra sem ráðnir eru til sérfræðingsstarfa til eins árs eða lengri tíma við eftirtaldir stofnanir: Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, Líffræðistofnun Háskólans og Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Forstöðumönnum stofnanna skal falið að hlutast til um kosningu fulltrúa á fundinn, eins fulltrúa úr hverri stofnun.
4. Einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra.
5. Einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra.
6. Einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra.
7. Einn án tilnefningar og er hann formaður ráðsins. Hann skal hafa víðtæka reynslu á sviði raunvísinda.

Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna aðalmenn. Menntamálaráðherra skipar varaformann úr hópi ráðsmanna.

Fundur sá sem um getur í 3. tölulið er lögmætur ef $\frac{2}{3}$ boðaðra fulltrúa sækja hann. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti ef atkvæði verða jöfn.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 24. ágúst 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.